

inn matskostnaður. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í b/v Goðanesi N. K. 105 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum T. Júlínusi Júlínussyni og Jóni Kristóferssyni, skipstjórum.

#### Dómsorð:

Stefndi, Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda b/v Goðaness N. K. 105, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 370.000.00 með 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 20. júní 1952.

Nr. 149/1951. **Páll Vídalín Jónsson** (Ragnar Jónsson)

gegn

**Gunnari Sveinbjörnssyni** (Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um umráð og notkun vegar. Lögbann.

#### Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn, en Kristinn Ólafsson, fulltrúi sama sýslumanns, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögbannsgerð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1951, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að hin áfrýjaða lögbannsgerð verði felld úr gildi. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til 40. gr. laga nr. 34/1947, 11. gr. laga nr. 66/1913, sbr. nú 16. gr. laga nr. 24/1952, svo og með hliðsjón af almennum lagarökum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Vídalín Jónsson, greiði stefnda, Gunnari Sveinbjörnssyni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 6. júlí 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní s.l., er höfðað fyrir aukaréttinum með stefnu, útgefinni 15. júní 1951, af Gunnari Sveinbjörnssyni bifreiðarstjóra, Brekku í Garðahreppi, gegn Páli V. Jónssyni, Hraunsholti, Garðahreppi, og gerir stefnandinn þær kröfur, að stefnda sé óheimilt að ýta burt eða setja aðrar tálmanir á veg þann, er liggur frá núverandi þjóðvegi heim að húsi hans, Brekku í Garðahreppi. Enn fremur krefst hann þess, að staðfest verði lögbannsgerð, er fram fór 5. júní s. l., og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, þar á meðal kostnaðinn við lögbannið.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins og taxta Lögmannafélags Íslands.

Tildrög máls þessa eru þau, að húsið Brekka var byggt fyrir 10—20 árum á landspildu, sem keypt var úr Garðalandi, og voru austurtakmörk spildu þessarar vesturbrún þáverandi þjóðvegur milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Um sama leyti var landi jarðarinnar Hraunsholts skipt úr Garðalandi og það selt. Voru þá vesturmörk Hraunsholts austurbrún þjóðvegarins. Nokkru síðar var húsið Vatnsholt byggt á spildu úr Hraunsholtslandi við þjóðveginn, þannig að austurbrún þjóðvegarins réð mörkum að vestan.

Fyrir fáum árum var þjóðvegurinn færður lítils háttar til austurs á þessu svæði, vegna þess að taka þurfti af honum krók, en við það færðist hann austur fyrir húsið Vatnsholt og einnig nokkurn spöl frá húsinu Brekku. Jafnframt var tekin skák af Vatnsholtslandi undir þjóðveginn. Síðar afsalar vegamálastjóri eiganda Hraunsholts gamla veginum til eignar og umráða, sém síðar afsalar honum aftur til Páls V. Jónssonar, eiganda Vatnsholts.

Hinn 4. júní s. l. byrjaði stefndi að brjóta niður veginn með jarðýtu. Stefnandi vildi ekki una þessu, þar sem þetta var eini vegurinn heim að húsi hans og bílaverkstæði, sem hann rekur þar, og baðst þess sama dag,

að fógeti legði lögbann við því, að haldið yrði áfram að rífa niður veginn. Fór lögbannsgerðin fram daginn eftir.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að þar sem gamli þjóðvegurinn liggur allur í Garðalandi, hafi vegamálastjóri ekki haft heimild til samkvæmt vegalögum og ráðstafa honum til eiganda Hraunsholts, heldur hafi vegurinn aftur átt að falla til eiganda Garðalands.

Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á 41. gr. vegalaganna nr. 101/1933, en þar er bannað að setja girðingar án hliðs yfir vegi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að hann hafi afsal fyrir landi því, sem um er deilt, og skipti í því sambandi ekki máli, þótt vegamálastjóri hafi farið út fyrir umboð sitt við afsalið. Pétur eða Páll geti ekki gerzt aðiljar slíks máls.

Í öðru lagi mótmælir stefndi því, að 41. gr. vegalaganna eigi við í þessu tilfelli.

Þegar stefnandi byggði hús sitt Brekku og bifreiðaverkstæði sitt þar hjá, staðsetti hann það við þjóðveginn, eins og hann var þá. Verður rétturinn að líta svo á, að hann hafi mátt álíta, að hann gæti um ófyrirsjáanlega framtíð haft not vegarins heim til sín. Í 11. gr. girðingalaganna nr. 66 22. nóvember 1913 og 41. gr. vegalaganna nr. 101 19. júní 1933 er tekið fram, að ekki megi teppa umferð eftir vegi með girðingum, og virðast þessi ákvæði einnig ná til vega slíkrar tegundar, sem hér um ræðir. Virðist mega draga af þessu þá grundvallarreglu, að ekki megi hindra menn í að nota vegi, sem þeir hafa notað og lagðir hafa verið til almennings þarfa og stöðug umferð verið um í lengri tíma.

Með tilvísun til þessa ber að taka allar kröfur stefnandans í máli þessu til greina, þar á meðal að staðfesta lögbannsgerð, er fram fór hinn 5. júní s. l.

Þá ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, þar á meðal kostnað við lögbannsgerðina, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Páli V. Jónssyni, skal óheimilt að ýta burt eða setja aðrar tálmanir á veg þann, er liggur frá núverandi þjóðvegi heim að húsinu Brekku í Garðalandi.

Lögbannsgerð, er fram fór 5. júní 1951, staðfestist.

Stefndi greiði stefnandanum kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Lögbannsgerð fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. júní 1950.**

Báðir málsaðiljar eru mættir hér. Gunnar Sveinbjörnsson, Brekku, krefst, að lögbann verði lagt við framhaldi verksins, svo úr því fáiast skorið með dómi, hvað rétt er í þessu ágreiningsmáli, áður en vegurinn verði rifinn burtu.

Hann segir, að vegurinn hafi verið þarna, er hús hans Brekka var byggt,

og notaður síðan (að minnsta kosti í 13 ár) sem heimkeyrsluvegur og sé eini vegurinn heim að húsinu nú.

Gerðarþoli, Páll V. Jónsson, Vatnsholti, er einnig mættur.

Hann kveðst eiga þenna veg, sem honum hafi verið afhentur til eignar af Valdimar Péturssyni, Hraunsholti, með samþykki vegamálastjóra, og hafi honum verið afhent þetta land fyrir land, sem tekið var af honum við breikkun þjóðvegarins, en þá hafi verið teknir af honum ca 14 m meðfram allri lóðinni.

Hann kveðst því telja sér heimilt að ryðja burtu umræddum vegi og girða hann með sinni lóð, og byrjað hafi verið á því í gær.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð legði lögbann við því, að frekara yrði unnið við að ryðja burtu veginum eða gera ráðstafanir til framkvæmda, sem hindruðu umferð um hann, og brýndi fyrir gerðarþola, að ekki mætti aðhafast neitt það, er færi í bága við þessa gerð, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Fógeti krafðist af gerðarbeiðanda kr. 2.500.00 tryggingar vegna gerðarinnar.

---

Mánudaginn 23. júní 1952.

Nr. 40/1951.

**Guðmundur Þ. Magnússon,**  
**Kristján Steingrímsson og Helgi Þórðarson**  
 (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Legatssjóði Flensborgarskólans**  
 (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Riftun leigumála um jörð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1951. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.